

Verður El Salvador grafreitir Alheimsríkisins Svali einræðisherrann

Fyrir skemmstu var haldin ráðstefna í Bandaríkjunum á vegum íhaldsmanna. Þar tróð upp Nayib Amado Bukele Ortiz (f. 1981), sem í hálfkæringi hefur kallað sig, „svala einræðisherra“ El Salvador. Nayib komst til valda í lýðræðislegum kosningum 2019 og hefur nú, eftir fimm ára forsetatíð, boðið sig aftur fram, enda þótt það fari í bága við stjórnarskrá landsins.

Í ræðu sinni varar Nayib okkur við örlögum frosksins, sem fann að pollurinn hans var farinn að volgna mjög, uns hann sauð, og hann með. Ætli það útleggist ekki á íslensku að fljóta sofandi að feigðarósi?

Nayib er kominn af kristnum Palestínumönnum frá Jórsölum. Faðir hans tók þó trú Múhameðs spámanns á fullorðins aldri. Eiginkonan er af spænskum Gyðingaættum. Nayib varð snemma athafnamaður, en lét síðar til sín taka á vettvangi stjórnmalanna.

Ástandið í El Salvador, þar sem íbúar eru hálf sjöunda milljón, er svipað og víða í Milli- og Suður-Ameríku. Þjóðir álfunnar lutu lengi vel Spánverjum og Portúgölum eða þar til Bandaríkin „ráku“ þá á brott samkvæmt svokallaðri Monroe stefnu (Monroe Doctrine), sem forseti þeirra, James Monroe (1758-1831) boðaði 1823. Vesturhvel allt er þar skilgreint sem áhrifasvæði eða bakgarður Bandaríkjanna.

Í þessum heimshluta er völdum víða enn skipti milli erlendra auðhringa, stjórnvalda og frjálsa félagasamtaka (non-governmental organizations), innlendra leppa þeirra og glæpagengja. Fátækt er landlæg.

Nayib hefur heldur betur tekið til hendinni, stakk tugþúsundum í fangelsi með hjálp hersins og rak spillta dómara og embættismenn úr sætum sínum. Slíka tilburði virðist almenningur kunna vel að meta. Vinsældir hans samkvæmt kosningum og viðhorfsmælingum eru ógnarlegar.

Boðskapur hins unga forseta hljómar eins og lýðræðisguðspjall. Stjórnmalamenn þiggja vald sitt frá alþýðu, starfi embættismanna felst í því að þjónusta almenning, rétt eins og stofnana landsins. Fjármálanykinn verður að reka af höndum sér, segir Nayib.

Nayib hljómar eins og skoski lýðræðiseldhuginn, Neil Oliver. Og það er svei mér þá ekki leiðum að líkjast. Forsetinn ungi virðist hafa haft erindi sem erfiði á heimavettvangi, almúginn dáir hann og þakkar fyrir nýfengið öryggi. Hrifningin afBitcoin sem þjóðargjaldmiðli er þó ekki jafn skær.

Nayib er ómyrkur í máli, þegar hann fjallar um myrkraöflin, þ.e. huldumannastjórnina, sem vill leggja undir sig heiminn. Þetta undrabarn stjórnmalanna er ófeimið við að taka afstöðu, stundum nýstárlega og eilítið undarlega. Hann leggur t.d. Hamas að jöfnu við glæpagengi í landi sínu, styður forsetaefni leyniþjónustu Bandaríkjanna í Venesúela, lofar Dónald Trump og hefur stofnað til innviðaupbyggingar í landinu í samvinnu við Kínverja.

Það fylgir sögunni, að Jósef vill alls ekki eiga orðastað við Nayib. Þá er reynslunni samkvæmt stutt í leyniþjónustuna, sprengjuregnið og „grænu stakkana.“

Það verður fróðlegt að fylgjast með þessum geðþekka, unga leiðtoga í framhaldinu. Hann lætur eins og bóndi í Brussel, ryður burtu spillingu og embættismönnum. Vonandi bruna þeir til Davos. En lánið er stundum fallvalt.

<https://www.breitbart.com/middle-east/2023/10/09/el-salvadors-palestinian-president-nayib-bukele-hamas-get-rid-those-animals/>

<https://www.history.com/topics/19th-century/monroe-doctrine>

<https://medium.com/lumerin-blog/titan-profiles-3-nayib-bukele-the-unconventional-president-3bcf0f048662>

<https://www.latimes.com/world-nation/story/2023-07-25/growing-cult-of-nayib-bukele>

<https://www.bbc.com/news/topics/cyxzyr5ndpyt>

<https://www.latimes.com/world-nation/story/2024-02-23/la-na-pol-el-salvador-bukele-cpac>

<https://www.latimes.com/world-nation/story/2024-02-04/el-salvador-holds-election-that-self-described-worlds-coolest-dictator-has-path-to-win>

<https://history-biography.com/nayib-bukele/>

<https://coinbrain.com/dictionary/nayib-bukele>

https://en.wikipedia.org/wiki/Nayib_Bukele

https://steigan.no/2024/02/borgerkrigstilstander-i-brussel/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2024/02/robert-fico-vestens-strategi-har-feilet-fullstendig/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://informationclearinghouse.blog/2024/02/26/el-salvador-president-warns-of-dark-forces-in-anti-crime-speech-at-cpac/16/>

https://www.youtube.com/watch?v=ATWG0bBWe_o

<https://www.globalresearch.ca/who-owns-world-small-group-big-money/5850681><https://www.globalresearch.ca/who-owns-world-small-group-big-money/5850681>

<https://stopworldcontrol.com/salvador/>